

Húnaþing vestra
Hvammstangabraut 5
530 Hvammstangi



Reykjavík 9. febrúar 2016
UST201601-107/K.S.J.
10.04.03

Efni: Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi fyrir Borgarvirki í Húnaþingi vestra.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Húnaþings vestra er barst 13. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi fyrir Borgarvirki í Húnaþingi.

Í ofangreindri lýsingu kemur fram að stefnt er að því með áætluðu deiliskipulagi að bæta aðgengi og umferð ferðamanna um Borgarvirki og nánasta umhverfi. Áætlað er að skipuleggja bílastæði, stíga, skiltasvæði og staðsetningu byggingarreits fyrir salernisaðstöðu. Einnig kemur fram að skipulaginu er jafnframt ætlað að stuðla að verndun og varðveislu minja á svæðinu og gera þær aðgengilegri fyrir ferðamenn.

Skipulagssvæðið

Í lýsingu segir að áætlað skipulagssvæði er 3,7 ha að stærð og staðsett í landi Stóru-Borgar í Húnaþingi. Einnig kemur fram að Borgarvirki er áberandi klettaborg og að virkið er í raun gosstapi með 10 – 15 metra háu stuðlabergslagi efst. Að mati Umhverfisstofnunar er hér um að ræða einstaka náttúrusmíð auk þess að á svæðinu eru merkar grjóthleðslur.

Markmið

Umhverfisstofnun tekur undir þau markmið að í deiliskiplagsvinnunni verði lögð áhersla á að ný mannvirkni á svæðinu hafi samræmda og hógværa heildarásýnd sem falli vel að sérkennum virkisins og nánasta umhverfis og virði minjar og náttúru svæðisins. Stofnunin bendir á mikilvægi þess að bílastæði og salernishús verði skipulagt þannig að framkvæmdir hafi ekki neikvæð sjónræn áhrif á virkið og umhverfi þess. Einnig er mikilvægt að mati stofnunarinnar að fjarlægðir mannvirkja frá virkinuverði skoðaðar vel, þ.e. að draga framkvæmdir frá minjum og náttúrumínjum.


Umhverfisstofnun bendir á að bílastæði þétt setið bílum og rútum hefur neikvæð sjónræn áhrif á minjar, ef bílastæði eru staðsett of nálægt þeim.


Náttúruverndarsvæði og aðrar náttúruminjar

Eins og fram kemur í lýsingu er svæðið er lýsingin nær til svæði á náttúruminaskrá. Einnig njóta jarðmyndanir á svæðinu sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013. Einnig bendir stofnunin á að í gr. 68 í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 kemur eftirfarandi fram: „*Við gerð deiliskipulags á náttúruverndarsvæðum, á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. [61. gr.]¹⁾ og frummatskýrslu framkvæmdaraðila vegna mats á umhverfisáhrifum skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefnda.*”

Umhverfisstofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemd við ofangreinda lýsingu.

Virðingarfyllst


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B. Guttormsdóttir
Teymisstjóri